

afplánist ella með einföldu fangelsi í 18 daga. Svo greiði og kærður kostnað sakarinnar.

Á málinu hefir ekki orðið dráttur.

---

Miðvikudaginn 22. janúar 1936.

Nr. 124/1934. H/f Shell á Íslandi (Jón Ásbjörnsson)  
 gegn

h/f Fiskimjöl (Th. B. Líndal).

Ábyrgð á vöruúttekt.

*Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. apríl 1934:* Stefnður h/f. „Fiskimjöl“ skal vera sýkn af kröfum stefnandans Hallgríms A. Tulinius f. h. h/f. „Shell“ í máli þessu og falli málskostnaður í því niður.

#### Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir gert þær kröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 3450.46 með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi, 8. sept. 1933 til greiðsludags, og málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi hefir krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati réttarins.

Fyrir hæstarétti hefir aðiljum komið saman um það, að stefndi hafi aðeins haft á hendi stjórn h/f. Lýsi og Mjöl árið 1932 án þess að hafa tekið á sig nokkra ábyrgð á skuldbindingum þess almennt það ár.

Frá viðtali forstjóra h/f. Fiskimjöl — en hann var látinn áður mál þetta væri höfðað — við þáverandi prókúrista h/f. Shell á Íslandi á öndverðu ári 1932 er svo skýrt, að forstjórinn hafi sagt pró-

kúristanum frá því, að h/f. Fiskimjöl hefði samkvæmt samningum við Útvegsbanka Íslands h/f. tekið að sér rekstur h/f Lýsi og Mjöl í Vestmannaeyjum það ár, og mundi það (þ. e. h/f Fiskimjöl) því annast slíkar greiðslur allar vegna oliuúttektar, sem við þyrfti vegna rekstrar verksmiðju þess. Þar sem starfsemi h/f Lýsi og Mjöl hafði gengið svo illa, að aðallánardrottinn þess, Útvegsbanki Íslands h/f, taldi sér þann kost vænstan, að fá öðrum en forráðamönnum þess stjórn þess árið 1932, þá gat áfrýjandi ekki haft ástæðu til að halda, að forráðamenn h/f Fiskimjöl vildu að neinu leyti takast á hendur fyrir þess hönd ábyrgð á skuldbindingum h/f Lýsi og Mjöl. Og í áður nefndum ummælum forstjóra h/f Fiskimjöl verður ekki heldur talið felast loforð um slíka ábyrgð.

Eftir uppkvaðningu hins áfrýjaða dóms hefir starfsmaður áfrýjanda, sá er stóð fyrir afhendingu á benzíni og steinolíu fyrir hann í Vestmannaeyjum árið 1932, borið vitni í málinu. Kveðst hann hafa átt tal við áður nefndan forstjóra h/f Fiskimjöl um það leyti, sem hlutafélag þetta tók að sér stjórn h/f Lýsi og Mjöl, um rekstur síðastnefnds félags, og segist hann hafa skilið forstjórann svo, að h/f Fiskimjöl bæri ábyrgð á öllum skuldbindingum h/f Lýsi og Mjöl árið 1932, þar á meðal og sérstaklega á greiðslu á vörum til þess frá áfrýjanda. En vitni þetta, sem var í þjónustu áfrýjanda þegar vitnisburðurinn var tekinn, og er því ekki fullgilt vitni í málinu, virðist hafa misskilið ummæli forstjórans um hina almennu ábyrgð h/f Fiskimjöl á skuldbindingum h/f Lýsi og Mjöl, og það virðist ekki heldur hafa tilfært beint loforð forstjórans um sérstaka ábyrgð h/f Fiskimjöl

gagnvart h/f Shell, heldur virðist það aðeins hafa leitt ályktun þar um af ummælum forstjórans. En á ályktun þessari verða úrslit málsins ekki byggð út af fyrir sig, og sérstaklega ekki vegna sambands vitnisins og áfrýjanda og vegna misskilnings þess, sem virðist hafa komið fram hjá því á ummælum áðurnefnds forstjóra h/f Fiskimjöl. Verður því ekki talið sannað, að síðastnefndur aðili hafi gerzt ábyrgur um greiðslu á vörum þeim, er teknar voru hjá áfrýjanda handa h/f Lýsi og Mjöl oftnefnt ár. Og verður því að sýkna stefnda að því leyti í máli þessu.

Reikningar vegna úttektar handa h/f Lýsi og Mjöl hjá áfrýjanda frá 17. febr. 1932, er skipti þau, sem hér er um að tefla, hefjast, og til 5. júlí s. á., voru greiddir að tilhlutan h/f Fiskimjöl. En í september s. á. — óvíst hvaða dag — fekk h/f Fiskimjöl reikninga fyrir útteknar vörur frá 5. júlí til 31. ágúst 1932. Þessir reikningar fengust þá ekki greiddir og hafa ekki síðar verið greiddir. Sú ein ástæða var til þess, að af rekstri h/f Lýsi og Mjöl var ekkert fé fyrir hendi til að greiða þá. Það verður að gera ráð fyrir því, að fyrirsvarsmönnum h/f Fiskimjöl hafi verið kunnugt um þenna fjárskort í september 1932. Einnig átti þeim að vera það kunnugt, að áfrýjandi mundi ekki hafa haldið áfram að láta vörur af hendi að láni til h/f Lýsi og Mjöl, ef hann hefði vitað, að rekstur þess árið 1932 gekk svo lélega, að það gat ekki staðið í skilum með andvirði fyrir nauðsynlegar vörur til rekstrarins. Fyrirsvarsmönnum h/f Fiskimjöl bar því, jafnskjótt sem þeim var unnt, að skýra áfrýjanda frá því, að h/f Lýsi og Mjöl gat ekki greitt áfallna reikninga. En í stað þess eru vörur áfram teknar

að láni hjá áfrýjanda handa h/f Lýsi og Mjöl í október og nóvember 1932 fyrir samtals kr. 244.70, er ekki hafa verið greiddar. Sakir þess, að fyrirsvarsmenn h/f Fiskimjöl hafa með vanrækslu sinni á að tilkynna áfrýjanda greiðsluþrot h/f Lýsi og Mjöl valdið honum tjóni, er með vissu nemur úttektunum í október og nóvember 1932, þá verður að dæma h/f Fiskimjöl til að greiða áfrýjanda þær úttektir, eða samtals kr. 244,70 með 6% ársvöxtum frá 8. sept. 1933 til greiðsludags.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu málskostnaðar í héraði þykir rétt að staðfesta. Eftir atvikum þykir og rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndi, H/f Fiskimjöl, greiði áfrýjanda, h/f Shell á Íslandi, kr. 244.70 með 6% ársvöxtum frá 8. sept. 1933 til greiðsludags, að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er, eftir árangurslausa sáttaumleitun, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 13. sept. f. á. af Hallgrími A. Tulinius, framkvæmdarstjóra f. h. h/f. „Shell“ á Íslandi gegn h/f. „Fiskimjöl“ hér í bænnum til greiðslu skuldar að upphæð kr. 3450.46 með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Kveður stefndandi tildrög málsins þau, að stefndur h/f „Fiskimjöl“ hafi með samningum við Útvegsbanka Ísl. h/f. tekið að sér rekstur hlutafélagsins „Lýsi og Mjöl“ í Vest-

mannaeyjum fyrir eigin reikning árið 1932, og sé hin umstefnda skuld vegna vöruúttektar til handa fiskimjölsverksmiðju nefnds félags í Eyjum frá þeim tíma.

Til vara byggir stefnandi kröfur sínar á því, að stefndur hafi a. m. k. gefið honum fulla ástæðu til að ætla, að hann ræki umrædda fiskimjölsverksmiðju í Vestmannaeyjum fyrir sinn reikning og á þeim grundvelli hafi h/f. „Lýsi og Mjöl“ verið látnar í té vörur þær, sem út af er stefnt, og telur stefnandi að stefndur beri því ótvírátt ábyrgð á greiðslu þeirra.

Stefndur hefir mótmælt kröfum stefnanda og krafizt algerðrar sýknu af þeim og málskostnaðar hjá honum eftir mati réttarins. Reisir hann sýknukröfuna á því, að hvorki hafi hann tekið að sér rekstur h/f. „Lýsi og Mjöl“ eða rekstur verksmiðju félagsins fyrir sinn reikning eða gefið stefnanda nokkra ástæðu til að ætla að svo væri. Heldur stefndur því ákveðið fram, að afskipti hans af nefndu hlutafélagi árið 1932 hafi ekki verið önnur en þau, að hann hafi eftir samkomulagi við Útvegsbankann séð um rekstur félagsins (h/f. „Lýsi og Mjöl“) og verksmiðju þess í Vestmannaeyjum, en en reksturinn hafi eingöngu verið á ábyrgð félagsins sjálfs. Hinsvegar viðurkennir stefndur, að hafa lofað að sjá um greiðslu á skuldbindingum félagsins eftir því sem tekjur þess hrykkju til. Þetta hafi hann gert og sé þegar búinn að afhenda hlutaðeigendum reikningsskil yfir reksturinn.

Stefnanda hefir nú engan veginn tekizt að sanna, að stefndur hafi tekið umræddan rekstur að sér fyrir eigin reikning, og verður því að athuga hvort honum af öðrum ástæðum beri að greiða hina umstefndu skuld. Hefir stefnandi því til stuðnings lagt fram yfirlýsingu stefnds dags. 11. marz 1932 á þá leið, að hann (h/f. Fiskimjöl) ábyrgist að greiða stefnanda (h/f. „Shell“) andvirði allra þeirra beina, minnst kr. 500.00 fyrir hvern vélbát í Vestmannaeyjum, sem selji stefndum öll sin bein, en kaupi oliu hjá stefnanda, en í málinu virðist það in confesso, að stefndur hafi staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt yfirlýsingu þessari. Dregur stefnandi þá ályktun af yfirlýsingunni, að þar sem stefndur hafi keypt beinin og látið vinna þau í verksm. h/f. „Lýsi og Mjöl“, hafi verið gefið fullt tilefni til að álíta að reksturinn hafi verið fyrir

reikning stefnds og beri hann því ábyrgð á úttekt þeirri er verksmiðjan hafi fengið vegna beinvinnisunnar. Enda þótt svo hefði verið, eins og orðalag umræddrar yfirlýsingar virðist benda til, að stefndur hafi verið hinn raunverulegi kaupandi að beinum af bátunum í Vestmannaeyjum og hann léti vinna beinin í verksmiðju „Lýsi og Mjöl“, leiðir enganveginn óhjákvæmilega af því, að stefndur þyrfti að annast rekstur nefnds hlutafélags eða umræddrar verksmiðju þess, því að félagið gat auðveldlega hafa tekið að sér að vinna beinin í verksmiðju sinni fyrir stefndan fyrir eigin reikning. Verður því eigi á það fallið hjá stefnanda, að efni umræddrar yfirlýsingar hafi gefið honum réttmætt tilefni til þess að ætla án frekari rannsóknar, að stefndur bæri ábyrgð á rekstri félagsins eða verksmiðjunnar og þar sem ekki er upplýst, að stefndur hafi á annan hátt gefið stefnanda fulla og réttmæta ástæðu til að ætla slíkt, þykir verða að taka kröfu stefnds um sýknu til greina, en eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Vegna embættisanna hefir dómur eigi orðið kveðinn upp í máli þessu fyrir en nú.

---

Miðvikudaginn 22. janúar 1936.

Nr. 11/1935. **Jón Grímsson, útbússtjóri, f. h. Útbús Landsbanka Íslands, Eskifirði**

(Th. B. Lindal)

gegn

**Ágúst Guðjónssyni, Garðari Jónssyni, Eðvald Valdórssyni, Sæbirni Vigfús-syni og Hallgrími Bóassyni**

(Enginn).

Ómerking vegna ólögleggrar málasamsteypu af hálfu stefnanda í héraði.

*Dómur sjóréttar Suður-Múlasýslu 2. ágúst 1934: Aðalstefndur, Hallgrímur Bóasson, greiði aðalstefnanda, Eiriki*